

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. janúar 2022

Mál nr. E-4055/2020:

Íslandsbanki hf.

(Ágúst Stefánsson lögmaður)

gegn

Ásgrími Helga Einarssyni

(Lárus Sigurður Lárusson lögmaður)

Dómur

I

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 18. júní 2020, var dómtekið 18. janúar 2022. Stefnandi er Íslandsbanki hf., Hagasmára 3, Kópavogi, en stefndi er Ásgrímur Helgi Einarsson, [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 3.000.000 króna, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 3. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 28. júní 2019 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

II

Í máli þessu er deilt um gildi yfirlýsingar stefnda hinn 8. maí 2015 um sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar á tékkareikningi Húnavalla ehf., nr. [...] hjá stefnda, en með henni tók stefndi á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldar allt að 3.000.000 króna ásamt vöxtum og kostnaði vegna reikningsins. Reikningnum var lokað hinn 28. júní 2019, en þá námu innstæðulausar færslur á reikningnum 6.344.962 krónum. Þá ritaði stefndi einnig undir samning um yfirdráttarheimild sama dag að fjárhæð 2.200.000 krónur vegna innlánsreiknings nr. [...] sem félagið hafði einnig stofnað hjá stefnanda.

Samkvæmt skráningum í hlutafélagaskrá var einkahlutafélagið Húnavellir stofnað á árinu 2008 og var stefndi annar af tveimur stofnendum þess.

Á þeim tíma sem stefndi undirritaði fyrrgreinda sjálfskuldarábyrgð voru þrír stjórnarmenn í Húnavöllum ehf. og var stefnandi meðstjórnandi. Aðrir stjórnarmenn voru Einar Haukur Einarsson stjórnarformaður og Gyða Sigríður Einarsdóttir sem einnig fór með framkvæmdastjórn félagsins auk þess að fara með prókúru fyrir það.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2015, sem er, dags. 8. febrúar 2017, kemur fram að á árinu 2015 hafi starfað 12 manns hjá félaginu, ýmist í

fullu eða hálfu starfi. Auk þess hafi 12 verktakar starfað fyrir félagið á árinu. Hluthafar félagsins á árinu 2015 voru tveir samkvæmt því sem þar kemur fram, þ.e. Gyða Sigríður Einarasdóttir og Einar Haukur Einarsson. Þau voru sem fyrr segir einnig í stjórn félagsins ásamt stefnda og rituðu þau öll sem slíkir undir skýrslu stjórnar.

Tilgangur Húnavalla ehf. var hótélrekstur og veitingasala, íþrótt og tómstundakennsla, sem og bókhaldsþjónusta og tengd starfsemi.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 28. júní 2019 var bú Húnavalla ehf. tekið til gjaldþrotaskipta. Lýstar kröfur í búið námu 28.868.665 krónum. Ekki var tekin afstaða til almennra krafna vegna eignaleysis búsins og var skiptum lokið 17. apríl 2020.

III

1. Helstu málsástæður og lagarök málsaðila

Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 er krafist dráttarvaxta frá 9. september 2019.

Stefndi byggir á því að sjálfskuldarábyrgð hans sé ólögmæt í skilningi laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn og því beri að ógilda hana á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Byggir stefndi á því að stefnanda hafi borið að gæta að skyldum sínum samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009 og að ekki hafi farið fram greiðslumat á félaginu. Stefndi hafi ekki verið upplýstur um greiðslugetu félagsins áður en hann gekkst í persónulega ábyrgð með undirritun sinni á yfirlýsinguna hinn 8. maí 2015. Þá hafi stefndi hvorki verið hluthafi né virkur í stjórn þegar hann gekkst undir ábyrgðina. Hann hafi látið af störfum fyrir félagið 11. desember 2014, þ. á m. sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Þá hafi hann ekki haft neinn fjárhagslegan ávinning af því að ganga í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum félagsins. Frá þeim tíma hafi eigendur félagsins, Einar Haukur Einarsson og Gyða Sigríður Einarasdóttir, tekið alfarið við stjórn þess. Auk þess hafi stefndi hvorki þegið laun né annað endurgjald frá félaginu.

Byggir stefndi á því að áskilnaði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009 um „eigin atvinnurekstur“ hafi ekki verið fullnægt, en við það mat beri m.a. að líta til þess hvort ábyrgðarmaður hafi þegið sanngjarnt endurgjald fyrir að gangast í ábyrgð. Svo hafi ekki verið í tilviki stefnda.

Þá byggir stefndi einnig á því að ógilda beri ábyrgðina á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Að því er varði efni samnings og atvik við samningsgerðina þá hafi ábyrgð stefnda stofnast fyrir skuldum félags sem hafi verið eignalaust og ógjaldfært án þess að stefnandi gætti skyldna sinna samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009. Samkvæmt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2015 hafi rekstrartap félagsins árið 2015 numið 5.785.000 krónum. Eigið fé hafi verið neikvætt um 5.507.733 krónur í árslok 2015 og handbært fé

í lok árs hafi verið 0 krónur. Staða félagsins hafi versnað milli ára og félagið ekki haft handbært fé og/eða eignir til að greiða skuldir sínar.

Samkvæmt framansögðu megi leiða líkum að því að félagið hafi átt í greiðsluerfiðleikum er stefndi gekkst undir ábyrgðina. Þessu til stuðnings megi benda á að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá félaginu hinn 24. apríl 2019. Samkvæmt vanskilaskrá félagsins hjá Creditinfo hafi verið fjórar skráningar um ógjaldfærni félagsins, ein um mjög alvarleg vanskil og tvær skráningar um alvarleg vanskil.

Samkvæmt framansögðu sé óumdeilt að félagið hafi verið ógjaldfært um langt skeið og hafi staðið illa fjárhagslega er stefndi gekkst í ábyrgðina á árinu 2015. Endurspegli framlögð gögn, þar á meðal ársreikningur, neikvæða greiðslugetu félagsins.

Þegar litið sé til stöðu aðila beri að líta til þeirrar yfirburðastöðu sem stefnandi naut við samningsgerðina. Hann sé sérfróður aðili á viðkomandi sviði og hafi haft umtalsvert sterkari stöðu gagnvart stefnda, sbr. til hliðsjónar 19. gr. laga nr. 161/2002. Stefndi hafi enga sérfræðiþekkingu eða reynslu á viðkomandi sviði. Hann hafi ekki komið nálægt eignarhaldi eða raunverulegri stjórn félagsins og enga innsýn haft í rekstur þess.

Hvað varði atvik sem síðar komu til beri að líta til þess að stefndi hafi í raun borið alla áhættuna af skuld félagsins vegna ábyrgðarinnar. Félagið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta á árinu 2019 og hafði rekstur þess gengið illa í allmörg ár fyrir gjaldþrotið.

Samkvæmt öllu framansögðu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

IV

Í máli þessu er deilt um gildi sjálfskuldarábyrgðar stefnda, allt að 3.000.000 króna ásamt vöxtum og kostnaði vegna yfirdráttar á tékkareikningi Húnavalla ehf., sem stefndi tókst á hendur gagnvart stefnanda með undirritun sinni á yfirlýsingu þess efnis hinn 8. maí 2015.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því að sjálfskuldarábyrgð hans sé ógild þar sem ekki hafi verið gætt að lögum nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, þegar hann undirritaði hana, en hún hafi ekki verið í þágu atvinnurekstrar hans eða honum til fjárhagslegs ávinnings. Einnig byggir stefndi sýknukröfu sína á 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009 taka lögin til þess þegar einstaklingur gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efndum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans.

Þegar stefnandi ritaði undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar á tékkareikningi Húnavalla ehf. ásamt umsókn um yfirdráttarheimild á innlánsreikningi

félagsins hjá stefnanda var hann samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum úr hlutafélagaskrá einn af þremur stjórnarmönnum félagsins. Í yfirlýsingunni um sjálfskuldarábyrgðina er tekið fram að stefndi hafi kynnt sér efni hennar og einnig upplýsingabækling stefnanda um sjálfskuldarábyrgð. Þá liggur fyrir að stefndi ritar undir yfirlýsinguna hvort tveggja sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og f.h. Húnavalla ehf., sem var eigandi tékkareikningsins.

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2015 kemur m.a. fram að á árinu 2015 hafi starfað 12 manns hjá félaginu, ýmist í fullu eða hálfu starfi. Auk þess hafi 12 verktakar starfað fyrir félagið á árinu. Hluthafar félagsins voru tveir á árinu, Gyða Sigríður Einarsdóttir, sem einnig var framkvæmdastjóri þess, og Einar Haukur Einarsson. Þau tvö voru einnig í stjórn félagsins ásamt stefnda og rituðu þau öll undir skýrslu stjórnar félagsins.

Samkvæmt framansögðu var stefndi einn af stjórnendum Húnavalla ehf. og bar ábyrgð á rekstrinum ásamt öðrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra, sbr. 44. gr. laga um einkahlutafélög, þegar hann tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna tékkareiknings félagsins. Gagnvart stefnanda kom hann fram sem stjórnarmaður í félaginu í samræmi við opinbera skráningu í hlutafélagaskrá. Ber félagsstjórn að fara með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Má því leggja til grundvallar að með sjálfskuldarábyrgð þeirri sem um er deilt hafi stefndi umrætt sinn undirgengist ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar. Er því ekki fallist á að stefndi geti borið fyrir sig, eftir að hafa stofnað til ábyrgðarskuldbindingarinnar á þessum forsendum, að ábyrgðin hafi ekki verið í þágu atvinnurekstrar hans og af þeim sökum hafi stefnandi átt að fylgja fyrirmælum laga nr. 32/2009. Engu máli skiptir í þessu sambandi hvort stefndi var virkur í stjórn félagsins þegar hann gekkst undir ábyrgðina hinn 8. maí 2015 eða hafði áður látið af stöfum sem framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi. Því ber að hafna þessari málsástæðu stefnda.

Stefndi byggir einnig á því að víkja beri ábyrgðinni til hliðar í heild á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn. Hér áður hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að lögin gildi ekki um stefnda. Ábyrgð stefnda verður því ekki felld niður á grundvelli þessara ákvæða.

Yfirlýsing stefnda um sjálfskuldarábyrgð hans var vegna starfsemi félags sem hann var í fyrirvari fyrir, en stefndi var sem fyrr segir stjórnarmaður í félaginu þegar hann gekkst undir sjálfskuldarábyrgð í þágu þess. Er því ljóst að stefnda mátti vera kunnugt um þær skuldbindingar sem hann gekkst undir með yfirlýsingu sinni og þýðingu hennar.

Við mat á því hvort samningi skuli vikið til hliðar í heild eða að hluta með stoð í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, vegna þess að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, skal samkvæmt 2. mgr. greinarinnar líta til

nokkurra þátta sem þar eru nánar tilgreindir. Efni umræddrar sjálfskuldarábyrgðar og stöðu aðila við samningsgerð hefur verið fjallað um hér að framan. Hvorki þessi atriði né önnur atvik við samningsgerð þykja gefa nægjanlegt tilefni til að beita umræddu ákvæði. Þá bera gögn málsins ekki með sér að félagið hafi átt í greiðsluerfiðleikum þegar stefndi gekkst í ábyrgðina á fyrri hluta ársins 2015.

Með skírskotun til alls þess er að framan greinir eru dómkröfur stefnanda á hendur stefnda teknar til greina með þeirri fjárhæð sem í stefnu greinir og með þeim dráttarvöxtum sem krafist er enda hefur upphafstíma þeirra ekki verið andmælt.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 650.000 krónur með virðisaukaskatti.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ásgrími Helga Einarssyni, ber að greiða stefnanda, Íslandsbanka hf., 3.000.000 króna, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 3. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., vaxtalaga nr. 38/2001, frá 28. júní 2019 til greiðsludags.

Stefnda ber að greiða stefnanda 650.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)